

Auglýsing

103

3. sept.

um breyting á auglýsing 25. september 1901 um yfirsetukvennaumdæmaskipun
í Vesturamtinu.

Mýrasýsla.

1. Hraunhreppur.
2. Álptaneshreppur.
3. Borgarhreppur og bæirnir í Stafholtstungum fyrir ofan Norðurá.
4. Stafholtstungnahreppur fyrir sunnan Norðurá, og Þverárhliðarhreppur.
5. Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
6. Norðurárdalshreppur.

Vesturamtíð, Reykjavík 3. septbr. 1904.

J. Havsteen.

Heilbrigðissamþykkt

104

23. ágúst

fyrir

Vopnafjarðarkauptún í Nordurmúlasýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir gildi í þeim hluta Vopnafjarðarhrepps, er liggur milli fjarðarins og línu þeirrar, er hjer greinir: Úr Sandvíkurdrangnum í Búðaröxl, þaðan í Fagrafjall, þaðan yfir Miðfjall beint í sjó.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar, auk hans eiga sæti í nefndinni 1 maður, er hreppsnefndin kýs og 1 maður, er sýslunefndin kýs af í-búum kaupþúsins. Kosning gildir til þriggja ára.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, er honum þykir þess þörf eða hinir 2 nefndarmennirnir eða hjeraðslæknirinn óska þess, þó eigi sjaldnar en 3 á ári í mánuðunum marz, júní og október; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundabókina gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt, hann get-